

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

(Hovedindlæg)

Forseti. Ég ætla að byrja á því að fullyrða að samstarf Norðurlandanna hefur verið mjög árangursríkt. Jafnframt verðum við að gera okkur grein fyrir því að það þarf að halda áfram að þróa samstarfið ef norræna ráðherranefndin á áfram að vera öflugt og gagnlegt verkfæri fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda. Þess vegna höfum við mótað framtíðarsýn um landamæralaus, nýskapandi, sýnileg og opin Norðurlönd.

Samstarf Norðurlanda á að skila norrænu notagildi fyrir Norðurlönd og norðurlandabúa. Við höfum einnig komist að þeirri niðurstöðu að endurbæta þurfi starfsaðferðir norrænu ráðherranefndarinnar. Umbæturnar nefnum við Ný-Norðurlönd og markmiðið er að samstarf Norðurlanda verði kröftugra og pólitískara.

Við ætlum að tryggja framtíð norræns samstarfs með eftirfarandi hætti: a) Með öflugra ráðherrasamstarfi og betri fjárhagsáætlun. b) Með skilvirkri skrifstofu sem á frumkvæði að og fylgir eftir pólitískum ákvörðunum. c) Með markvissri nýtingu norrænna verkefna. d) Með bættu stjórnarfyrikomulagi norrænna stofnana og skýrari aðkomu eigenda þeirra.

Við mótun Nýrra-Norðurlanda höfum við auðvitað tekið tillit til samstarfs okkar við Norðurlandaráð sem við viljum líka þróa og gera skilvirkara. Árið 2014 báðu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar Norðurlanda Bo Könberg, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Svíþjóðar, um að taka saman skýrslu um framtíðarstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum með Stoltenberg-skýrsluna sem fyrirmynd. Síðar á dagskrá þingsins er nánari

greinargerð um skýrsluna en ég er ánægður með að geta sagt frá því að Könberg-skýrslan hefur þegar að töluverðu leyti náð þeirri pólitísku athygli sem við sækjumst eftir.

Á síðustu árum höfum við Norðurlandabúar orðið varir við aukinn áhuga annarra þjóða á þeirri samfélagsgerð sem við höfum valið okkur. Í framhaldi af því hafa samstarfsráðherrarnir samþykkt sameiginlega norræna áætlun um að kynna og marka Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi. Markmiðið er að taka höndum saman um að koma skipulagi á það starf sem unnið er til að kynna Norðurlönd í því skyni að auka áhrif og samkeppnishæfni Norðurlanda á heimsvísu.

Íslendingar hafa í formennskutíð sinni ýtt úr vör þriggja ára þverfaglegu verkefni um lífhagkerfið undir heitinu NordBio. Markmiðið er að bæta nýtingu auðlinda og draga eins og kostur er úr sóun og úrgangi. Unnið er að NordBio í nánu samstarfi við önnur áhersluverkefni norrænu ráðherranefndarinnar og það nær til flestra fagsviða norræns samstarfs. Ég hlakka mjög til að fylgjast með því hvernig þetta verkefni þróast á næstu tveimur árum.

Á árinu 2014 hefur einnig verið unnið áfram að 8 verkefnum forsætisráðherranna um grænan vöxt. Á þessu ári verður næstum 20 millj. danskra kr. varið til þróunar grænna lausna á sviðum þar sem Norðurlönd standa nú þegar framarlega, t.d. á sviði loftslags- og umhverfismála. Alþjóðasamstarfið er jafnframt ákaflega mikilvægt fyrir samstarfsráðherra Norðurlandanna. Síðar í dag mun samstarfsráðherra Færeyja kynna nýja samstarfsáætlun um norðurskautssvæðið sem tekur gildi árið 2015. Ný áætlun um samstarfið við granna okkar í vestri verður tilbúin á næsta ári og við ætlum vitanlega að fá Norðurlandaráð til að taka þátt í þessu starfi til að það njóti eins víðtæks norræns stuðnings og mögulegt er.

Stjórn málaástandið í Úkraínu sýnir að starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi, sem miðar að því að styrkja samstarfsnet og styðja við þróun borgaralegs samfélags, er áfram mikils virði. Skrifstofur norrænu ráðherranefndarinnar í Kalíníngrad og St. Pétursborg hafa fengið eftirlitsheimsóknir frá rússneskum yfirvöldum.

Norræna ráðherranefndin harmar þessa þróun, sem tekur sífelldum breytingum, og fylgist náið með framvindu málsins.

Önnur og jákvæðari þróun, sem samstarfsráðherrarnir fylgjast vel með, er starf gegn stjórnsýsluhindrunum sem landamærahindrunarráðið vinnur nú að. Sænski samstarfsráðherrann mun gera grein fyrir samstarfi um stjórnsýsluhindranir síðar í dag. En ég get með ánægju bent á að framkvæmdaáætlun landamærahindrunarráðsins er í samræmi við framtíðarsýn samstarfsráðherra um Norðurlönd án landamæra.

Á þessu ári héldum við upp á 60 ára afmæli stofnunar sameiginlegs vinnumarkaðar Norðurlanda með því að halda stóra afmælisráðstefnu á Íslandi. Skýrslan, *The Nordic model challenged but capable of reform*, sem fjallar um þau úrlausnarefni sem norræna velferðarsamfélagið stendur frammi fyrir var kynnt við sama tækifæri.

Á þessu ári höfum við jafnframt náð mjög góðum árangri í baráttunni gegn skattaskjólum. Það samstarf hefur tvímælalaust verið árangursríkt og orðið til þess að við höfum komist lengra en flestir aðrir á þessu sviði. Þetta er fyrirtaksdæmi um það hvernig Norðurlönd geta náð auknum árangri með því að standa saman. Talið er að starfið hafi hingað til skilað sér í nettóinnstreymi fjármagns til Norðurlanda sem samsvarar að minnsta kosti 15 milljörðum sænskra kr. Vinnu við lokaskýrslu um þetta mál er að ljúka og hún verður síðan aðgengileg.

Forseti. Ég óska ykkur öllum áframhaldandi góðs gengis á Norðurlandaráðsþingi.

kkur öllum áframhaldandi góðs gengis á Norðurlandaráðsþingi.

Skandinavisk oversettelse

Præsident. Jeg vil begynde med at påstå at det nordiske samarbejde har været særdeles frugtbart. Samtidigt er vi nødt til at indse, at man er nødt til at videreudvikle samarbejdet, hvis Nordisk Ministerråd fortsat skal være et dynamisk og nyttigt redskab for de nordiske regeringer. Derfor har vi

formuleret en fremtidsvision om et innovativt, synligt og åbent Norden uden grænser.

De nordiske landes samarbejde skal skabe nordisk nytte for de nordiske lande og nordboerne. Vi er også nået frem til at Nordisk Ministerråds arbejdsformer bør reformeres. Reformerne kalder vi Nyt Norden, hvor målet er et mere dynamisk og politisk nordisk samarbejde.

Vi ønsker at sikre det nordiske samarbejdes fremtid på følgende måder: a) Ved at styrke samarbejdet på ministerniveau og skabe et bedre budget. b) Ved at sikre et effektivt sekretariat, der initierer og følger op på politiske beslutninger. c) Ved mere målrettet at få bedre nytte ud af nordiske projekter. d) Ved at forbedre styringen af nordiske institutioner og tydeliggøre deres ejerskab.

Ved udarbejdelsen af Nyt Norden har vi selvfølgelig taget hensyn til vores samarbejde med Nordisk Råd, som vi også ønsker at udvikle og gøre mere effektivt. I 2014 anmodede de nordiske social- og sundhedsministre Bo Könberg, tidligere sundheds- og socialsikringsminister i Sverige, om at udarbejde en rapport om et fremtidigt nordisk samarbejde på sundhedsområdet, i stil med Stoltenberg-rapporten. Senere i sessionens dagsorden gøres der yderligere rede for rapporten, men det glæder mig at kunne meddele at Könberg-rapporten allerede har skabt meget af den politiske opmærksomhed som var vores hensigt.

I de senere år har vi i Norden bemærket en øget interesse fra andre lande for den samfundsmodel, som vi har valgt. I forlængelse heraf vedtog samarbejdsministrene en ny fælles strategi for en international profilering og positionering af Norden. Målet er at gå sammen om at samordne initiativer for at profilere Norden, og dermed øge regionens indflydelse og konkurrenceevne på et globalt plan.

Det islandske formandskab har søsat et treårigt tværfagligt projekt om bioøkonomi under overskriften NordBio. Målet er at effektivisere udnyttelsen af ressourcer og minimere spild og affald. NordBio gennemføres i et nært samarbejde med andre af Nordisk Ministerråds prioriterede projekter, og det

dækker næsten alle sektorer i det nordiske samarbejde. Jeg ser frem til at følge udviklingen af projektet i de kommende to år.

I 2014 fortsatte man også arbejdet med otte statsministerprojekter om grøn økonomi. I år er næsten 20 mio. DKK afsat til udvikling af grønne løsninger på områder, hvor Norden allerede har en førerposition, for eksempel på klima- og miljøområdet. Det internationale samarbejde er også særdeles vigtigt for de nordiske samarbejdsministre. Senere i dag præsenterer den færøske samarbejdsminister et nyt samarbejdsprogram for Arktis, som træder i kraft i 2015. Et nyt program for samarbejdet med vores naboer i vest forventes i det nye år, og vi agter selvfølgelig at involvere Nordisk Råd i arbejdet for derved at sikre så omfattende nordisk forankring som muligt.

Den politiske situation i Ukraine viser at Nordisk Ministerråds virksomhed i Nordvestrusland, hvis formål er at styrke samarbejdsnetværk og støtte udviklingen af civilsamfundet, fortsat er vigtig. Nordisk Ministerråds kontorer i Kaliningrad og Sankt Petersborg har fået kontrolbesøg fra de russiske myndigheder. Nordisk Ministerråd finder denne udvikling, der ændrer sig hele tiden, beklagelig, og følger sagens udvikling tæt.

En anden og noget mere positiv udvikling, som samarbejdsministrene følger, er arbejdet med at fjerne grænsehindre, som Grænsehindringsrådet tager hånd om. Den svenske samarbejdsminister redegør for grænsehindringssamarbejdet senere i dag. Men det glæder mig at kunne påpege at Grænsehindringsrådets handlingsplan harmonerer med samarbejdsministrene fremtidsvision om Norden uden landegrænser.

I år fejrede vi 60 år med et fælles arbejdsmarked i Norden med en stor jubilæumskonference i Island. Rapporten, *The Nordic Model – challenged but capable of reform*, som handler om de udfordringer, som de nordiske samfund står overfor, blev præsenteret ved denne lejlighed.

I år har vi også opnået gode resultater i kampen mod skatteskjul. Det samarbejde har uden tvivl været frugtbart og medvirket til at vi er nået længere på området end de fleste. Der er tale om et ypperligt eksempel på, hvordan Norden kan skabe større resultater ved at stå sammen. Det anses,

at arbejdet indtil nu har ført til en nettotilstrømning til Norden som svarer til mindst 15 milliarder svenske kroner. Projektet udkommer snart og bliver tilgængeligt.

Præsident. Jeg vil ønske jer allesammen en fortsat god Nordisk Råds session.

Information

Talenummer

193

Type

Hovedindlæg

Person

[Sigmundur Davíð Gunnlaugsson](#)

Talerrolle

Islands statsminister

Dato

29.10.14 12:01